


FJARFESTINGAR, LAN OG STYRKIR
TIL FISKELDIS.

Valdimar Gunnarsson

Veidimálastofnun, maí 1988 VMST-R/88023



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Fiskeldisdeild

Eintak bókasafns.

VMST-R/880

FJARFESTINGAR, LAN OG STYRKIR
TIL FISKELDIS.

Valdimar Gunnarsson

Veiðimálastofnun, maí 1988 VMST-R/88023

FJARFESTINGAR OG FJARFESTINGARLAN.

Fram til ársins 1984 voru lánamöguleikar til fjárfestinga í fiskeldi mjög takmörkaðir. Á því ári varó sú stefnubreyting að ríkisstjórnin ákvað í samræmi við stefnu sína um nýsköpun í atvinnulífínu að veita 20 milljónum króna til lánveitinga í þessu skyni. Hafa lán til fiskeldis síðan farið vaxandi með ári hverju. Í töflu 1 er að finna yfirlit yfir lánveitingar vegna fjárfestinga í fiskeldi frá árinu 1981 til 1987. Heildarlánveitingar til fiskeldis á verðlag árslok 1987 voru um 1.640 milljónir króna. Ef miðað er við að eigendur hafi sjálfir lagt fram 35% af fjárfestingarkostnaðinum eru heildarfjárfestingar í íslensku fiskeldi í lok ársins 1987 2.5 milljarða króna. Gera má ráð fyrir að fjárfest hafi verið fyrir rúmlega 1.5 milljarði í seiðaeldisstöðvar og tæpum milljarði í strand- og sjókvíaeldisstöðvar.

Framkvæmdasjóður Islands: Framkvæmdarsjóður er sá sjóður sem mest hefur lánað til fiskeldis hér á landi. Samtals hefur sjóðurinn lánað fram til ársloka 1987, um 820 milljónir króna á þáverandi verlagi. Sjóðurinn lánði á síðasta ári 353 milljónir. Á þessu ári er gert ráð fyrir að lánaðar verði um 180 milljónir króna.

Sjóðurinn veitir lán til fiskeldisstöðva á Vestur- og Suðurlandi. Byggðasjóður veitir lán til fiskeldisstöðva í öðrum landshlutum. Lánshlutfall er á bilinu 50 til 75% af fjárfestingakostnaði. Lánstími er allt að 12 ár. Lánin eru afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Lánin hafa verið bundin við gengi á erlendri mynt en nú stendur til að lána einnig í innlendri mynt.

Byggðasjóður: Sjóðurinn hefur lánað samtals 185 milljónir króna á verðlagi í árslok 1987. Á síðasta ári lánði Byggðasjóður 40 milljónir. Sömu lánaskilmálar gilda fyrir Byggðasjóð og Framkvæmdarsjóð. Byggðasjóður lánar til fiskeldisfyrirtæka á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi.

Iónbróunarsjóður: Sjóðurinn byrjaði að lána til fiskeldis árið 1987 og lánaði á því ári 78.5 milljónir króna. Í ár hafur verið

gefið vilyrði fyrir að lánaðar verði 65 milljónir króna frá DnC bankanum í Noregi sem Iðnþróunarsjóður hefur milligöngu um. Lánin eru veitt að hámarki til 12 ára. Hægt er bæði að fá lán bundin við gengi á erlendi mynt og lán í innlendri mynt.

Fiskveiðasjóður Islands: Arið 1985 byrjaði Fiskveiðasjóður Islands að veita ábyrgðir vegna lánatöku stærri fiskeldisfyrirtækja. Sjóðurinn hefur ekki lánað beint til fiskeldisstöva. Fiskveiðasjóður hefur veitt ábyrgðir fyrir samtals 510 milljónir króna á verlagi ársloka 1987. Á þessu ári hefur sjóðurinn veitt vilyrði fyrir að veita ábyrgðir fyrir 33 milljónir króna. Sjóðurinn kemur ekki til með að veita meiri ábyrgðir til fiskeldis á næstunni.

Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur lánað til bænda sem byrjað hafa með fiskeldi. Á árinu 1987 voru lánaðar um 2 milljónir króna. Lánað er til 10 ára og lánin eru bundin við gengi í erlendri mynt.

Orkusjóður: Sjóðurinn hefur lánað til borana eftir heitu vatni. Á árinu 1987 voru lánaðar um 2 milljónir króna. Á þessu ári hefur verið lánað 6 milljónir til fiskeldis og er ekki gert ráð fyrir að lána meira í ár.

REKSTRARLÁN:

Varðandi rekstrarlán þá hefur Landsbankinn flest fiskeldisfyrirtæki í sinni þjónustu, eða 19 talsins. Bankinn veitir lán fyrir 37.5% af váttryggingarverðmætum fisksins í stöðinni á hverjum tíma. Þetta samsvarar u.p.b. 50% af rekstrarfjárförfinni. Búnaðarbankinn veitir 10 fiskeldisfyrirtækjum rekstrarlán, sem er um 30% af váttryggingarverðmætum fisksins. Aðrir bankar hafa ekki viðskipti við fleiri en 1-2 fiskeldisfyrirtæki.

Mun erfiðara hefur verið að fá afurðalán til fiskeldis en almennt gerist hjá öðrum atvinnuvegum. Landsbankinn hefur meðal annars ákveðið að taka ekki fleiri fiskeldisfyrirtæki í viðskipti á þessu ári. Aðalástæðan fyrir því að erfitt er að fá afurðalán

er sú að bankar taka fisk ekki sem fullgilt veð. Þó að fiskurinn sé tryggður hafa tryggingarfélagin marga möguleika að koma sér undan að greiða tjón á fiski. Bankanir hafa einnig krafist veð í fasteignum fiskeldisfyrirtæka og er það yfirleitt annað veð eftir fjárfestingalánasjóðum. Við gjaldþrot fiskeldisfyrirtækis fá bankanir því ekki endurgreitt nema lítinn hluta af rekstraláninu, ef um stórt tjón á fiski er að ræða sem tryggingarfélag bæta ekki. Ófullnægandi ábyrgðir fyrir afurðalánnum er því aðalástæðan fyrir því að bankar eru tregir til að veita lán til fiskeldis. Bent skal á að ríkisábyrgðarsjóður gæti veitt ábyrgðir fyrir afurðalánnum til fiskeldis hér á landi. Eins og t.d. norskí Byggðasjóðurinn sem veitir allt að 50% ábyrgðir á rekstrarlánnum til fiskeldisfyrirtæka í Noregi. Ríkisábyrgð á afurðalánnum ætti því að minnka áhættu bankanna á að veita afurðalán til fiskeldis og auka fjárstreymi til greinarinnar. Til að standa straum að þeim kostnaði ríkisábyrgðarsjóðs að veita ábyrgðir til fiskeldis og tapi vegna hugsanlegs gjaldþrots nokkurra eldisstöðva væri hægt að lát fiskeldisfyrirtækin greiða fyrir þessa þjónustu. T.d. væri hægt að láta fiskeldisfyrirtækin greiða 3% af heildarábyrgðinni til ríkisábyrgðarsjóðs, á móti fengju þau ábyrgð sem næmi 75% af rekstrarfjárförf sinni.

Varðandi hafbeitt hafa engin afurðalán fengist, þar sem bankar hafa ekki viljað taka fisk á hafi úti sem fullgilt veð. Ríkisábyrgðarsjóður gæti hér einnig stuðlað að því að hafbeitarstöðvar fengju afurðalán með að veita ábyrgðir fyrir lánnum.

STYRKIR TIL FISKELDIS.

Innlendar stofnanir sem veita styrki til fiskeldis og hafbeitar eru Rannsóknaráð ríkisins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Fiskræktarsjóður. Yfirlit yfir styrkveitingar þessara aðila frá árinu 1981 er að finna í töflu 2.

Framleiðnisjóður: Sjóðurinn veitir styrki til bænda þegar um búháttarbreitingar er að ræða. Hámarks framlag úr sjóðnum er 500 þúsund króna, eða að hámarki 30% af stofnkostnaði. Á síðasta ári voru styrkir sjóðsins til fiskræktar og fiskeldis um 4 milljónir króna. Stærsti hluti þessar fjárhæðar fór til fiskræktar.

Fiskræktarsjóður: Sjóðurinn veitir styrki til fiskræktar, hafbeitar og fiskeldis. Allar styrkveitingar miðast við varanleg mannvirki. Á árinu voru styrkveitingar sjóðsins til hafbeitar- og fiskeldis 1.127 þúsund krónur.

Rannsóknaráð ríkisins: Ráðið hefur beint sínum styrkveitingum til rannsókna innan fiskeldis og hafbeitar. Á síðasta ári voru styrkveitingar til rannsókna tæpar 15 milljónir.

Ríkissjóður hefur styrkt fiskeldi með eftirgjöf á tollum og söluskatti á fjárfestingarvörum (Stj.tíð B nr. 171/1986). Er áætlað að þetta framlag ríkissjóðs sé 10-15% af heildarfjárfestingarkostnaði fiskeldisstöðva á Íslandi. Framlag ríkissjóðs vegna eftirgjafar á tollum og söluskatti gæti því verið um 250-400 milljónir króna. Ríkissjóður hefur einnig veitt Orkustofnun sérstakt fjármagn til rannsókna á vatns- og sjótöku fyrir fiskeldi. Á árinu 1987 nam þessi upphæð 14 milljónum króna og í ár er framlagið 17.1 milljón krónur.

Af erlendum stofnunum sem styrkt hafa fiskeldi á Íslandi má nefna norræna samstarfsnefnd um fiskeldi (Nordisk samarbeidsgruppe vedrörande akvakultur) sem fær sitt fjármagn frá Norrænu ráðherranefndinni. Styrkir til rannsókna námu um 1 milljón króna á árinu 1987 og um 1.5 milljónir í ár. Norðurlandaráð hefur einnig styrkt fiskeldi á Austfjörðum í gegnum "Vest Nord Nefndina". Námu styrkveitingar til sjókvíældis á Austfjörðum á árinu 1986 og 1987, 1.2 milljónum hvort ár. Í ár er einnig gert ráð fyrir að veita 1.2 milljónir í styrki.

Tafla 1. Lán og ábyrgðir til fiskveiðis og hafbeitar. Allar tölur eru á verðlagi hvers árs, og í þús. kr. Og samtals lánað hjá hverjum sjóði í lok ársins 1987 miðað við verðlag des 1987 (Byggingarvæðitala).

Ár	Frankvænda- sjóður	Byggðar- sjóður	Fiskveiði- sjóður	Iónpróuna- sjóður	Orkur- sjóður	Stofnlána- deild land.	Framleiðni- sjóður
1981	0	750				1.745	1.100
1982	1.500	1.415				625	200
1983	120	2.200				350	
1984	21.700	4.820			180	1.800	200
1985	109.100	12.890	47.400		1.250	1.000	
1986	219.800	85.070	324.800		11.200	2.680	
1987	353.000	40.000	50.700	78.500	2.500	1.950	
Samtals	818.200	185.200	509.800	78.500	18.200	23.800	5.000

Tafla 2. Styrkir til fiskeldis, hafbeitar og fiskræktar. Allar tölur eru í verðlagi hvers ár, og í þúsundum kr.

Ár	Rannsóknar- ráð	Fiskræktar- sjóður	Framleiðni- sjóður	Byggðar- sjóður
1981		442	280	0
1982		811	309	20
1983		1.449	1.060	0
1984		750	2.280	1.040
1985	9.620	1.358	2.105	250
1986	12.280	2.531	7.581	0
1987	14.843	2.000	3.995	0

HEIMILDIR.

Framkvæmdarsjóður og Byggðasjóður, Snorri Tómasson.
 Fiskveiðisjóður Íslands, Ólafur Stefánsson.
 Iónpróunarsjóður, Guðmundur Tómasson.
 Stofnlánadeild landbúnaðarins, Leifur Jóhannesson.
 Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Jón Guðbjörnsson.
 Orkusjóður, Hrútur Halldórsson, Orkustofnun.
 Fiskræktarsjóður, Einar Hannesson, Veiðimálastofnun.
 Rannsóknaráð ríkisins, Vilhjálmur Lúðvíksson.